

Reglur um styrki til heilsueflingar eldri borgara og öryrkja í Eyja- og Miklaholtshreppi

Eyja- og Miklaholtshreppur veitir eldri borgurum og öryrkjum styrk til heilsueflingar. Meginmarkmið styrks til heilsueflingar að stuðla að aukinni hreyfingu og félagsþátttöku eldri borgara og öryrkja, með lögheimili í sveitarfélaginu. Styrkur er veittur til kaupa á árskortum sem veita aðgang að sundlaug, tækjasal og félagsgjöldum sem stuðla að heilsueflingu.

Styrkur nemur aldrei hærrí fjárhæð en sem nemur greiddum gjöldum. Fjárhæð styrks endurskoðast ár hvert við gerð fjárhagsáætlunar. Styrkur árin 2023 og 2024 er fjárhæð 15.000 kr. að hámarki. Umsóknir þurfa að berast í síðasta lagi 15. desember hvers árs.

Til að fá styrkinn greiddan þarf að senda á oddvita:

1. Afrit af reikningi þar sem fram kemur fyrir hvaða íþrótt eða tómsund er verið að greiða og fyrir hvaða barn.
2. Staðfestingu á greiðslu.
3. Reikningsupplýsingar til að leggja styrkinn inn á. (netfang: oddviti@eyjaogmikla.is)

Reglur þessar gilda frá 8. nóvember 2023.